

Þinggerð 47. Fjórðungspings Vestfirðinga dagana 30. og 31. ágúst 2002
(Endurrit)

Árið 2002 þ. 30 ágúst kl. 13:30 var Fjórðungsping Vestfirðinga sett í Safnaðarheimilinu í Bolungarvík.

1. **Setning Fjórðungspings 2002.**

Formaður Fjórðungssambandsins Ólafur Kristjánsson setti þingið og bar síðan upp tillögu um þingforseta Elías Jónatansson og varaforseta Birnu Lárusdóttur. Tillagan var samþykkt með lófataki.

Elías Jónatansson tók til starfa sem þingforseti og bar upp tillögu um skipan kjörnefndar svohljóðandi:

Sölvi Sólbergsson, Ragnheiður Hákonardóttir, Guðmundur Sævar Guðjónsson, Málfríður Vilbergsdóttir og Sigurður Jónsson. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þar næst bar forseti upp tillögu um skipan kjörbréfanefndar. Var það Friðgerður Baldvinsdóttir, Haraldur V.A.Jónsson og Finnur Pétursson. Finnur var ekki mættur til þings og var þá stungið upp á Björgvin Sigurjónssyni. Tillagan var samþykkt og tók kjörnefnd strax til starfa.

Forseti bar upp tillögu um ritara þingsins þær Daðey S. Einarisdóttur og Soffíu Vagnsdóttur. Tillagan samþykkt samhljóða.

2. **Ávörp gesta:**

Til máls tóku eftirtaldir gestir:

Einar Kristinn Guðfinnsson, alþingismaður, Gunnlaugur Júlíusson starfsmaður Samb. Ísl. Sveitarfélaga.

3. **Skýrsla stjórnar:**

Formaður Fjórðungssambandsins gerði grein fyrir störfum stjórnar á liðnu starfsári (þingskjal 4). Um skýrslu stjórnar tóku til máls: Kristinn Gunnarsson, Aðalsteinn Óskarsson, Magnús Reynir Guðmundsson, Karl Matthíasson.

Ingimar Halldórsson framkvæmdastjóri Fjórðungssambandsins lagði fram endurskoðaðan ársreikning Sambandsins fyrir árið 2001. Ingimar gerði einnig grein fyrir endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2002 og áætlun fyrir árið 2003. Hann lagði síðan til að ársreikningi 2001, og fjárhagsáætlunum væri vísað til fjármálanefndar þingsins. Engin athugasemd var gerð við tillöguna.

Formaður Kjörbréfanefndar gerði nú grein fyrir störfum nefndarinnar. Nefndin gerði eina athugasemd við kjörbréf Hólmavíkurhrepps. Kjörbréf samþykkt.

Eftirtaldir þingfulltrúar höfðu gild kjörbréf:

Sveitarfélag

Ísafjarðarbær

Aðalfulltrúar:

Birna Lárusdóttir
Bryndís Friðgeirsdóttir
Guðni G. Jóhannesson
Halldór Halldórsson
Ingi Þór Ágústsson
Lárus G. Valdimarsson
Magnús R. Guðmundsson
Ragnheiður Hákonardóttir
Svanlaug Guðnadóttir

Heildaratkvæði
Sveitarfélags.

4181

Bolungarvík.	Elías Jónatansson Ragna J. Magnúsdóttir Sölvi Sólbergsson Ketill Elíasson Soffía Vagnsdóttir Kristrún Hermannsdóttir	
Súðavíkurbreppur	Salvar Baldursson Jón Grétar Kristjánsson Friðgerður Balvinsdóttir Sigurdís Samúelsdóttir Halldór Már Þórisson	446
Vesturbýggð.	Guðmundur Sævar Guðjónsson Þuríður Ingimundardóttir Sigurður Viggósson Ólafur B. Halldórsson Sonja H. Jónsdóttir	1.134
Tálknafjörður	Björgvin Sigurjónsson Finnur Pétursson	774
Reykhólahreppur	Málfríður Vilbergsdóttir Egill Sigurgeirsson	608
Bæjarhreppur	Sigurður Kjartansson	321
Broddaneshreppur	Sigurður Jónsson	210
Hólmavíkurbreppur	Haraldur V.A. Jónsson Valdimar Guðmundsson Eysteinn Gunnarsson Kristín Einarsdóttir	944
Kaldrananeshreppur	Guðmundur B. Magnússon Jenný Jensdóttir Óskar Torfason Sunna Einarsdóttir	396
Árneshreppur	Björn Torfason Eva Sigurbjörnsdóttir Guðmundur G. Jónsson Gunnsteinn Gíslason Hjalti Guðmundsson	177

4. Bygðaaætlun fyrir Vestfirði.

Unnin af sveitarfélögunum á Vestfjörðum í mars 2002.

Framsögu hafði Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri AtVest.

Fram kom hjá honum að bygðaaætlunin hafði verið unnin í samráði fjölmargra aðila og búið væri að kynna hana hjá stjórnvöldum. Hann fór yfir helstu málaflokka og hver staða mála væri. Hann taldi þurfa að samþykkja bygðaaætlunina formlega á þinginu.

Til máls tók:

Guðjón A. Kristjánsson, alþingismaður. Hann talaði um byggðamál og að undirstaða byggðanna væri mjög komin undir fiskveiðistjórnunarkerfinu.

5. Ávarp samgönguráðherra Sturlu Böðvarssonar. Enginn tók til máls á eftir.

6. Samgöngumál á Vestfjörðum.

Framsögu hafði Gísli Eiríksson umdæmisstjóri Vegagerðarinnar á Vestfjörðum.

Umræður: Til máls tóku:

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Þuríður Ingimundardóttir, Þórólfur Halldórsson, Magnús Reynir Guðmundsson, Halldór Halldórsson, Einar Kr. Guðfinnsson, Sigurður Jónsson, Guðbrandur Sverrisson, Jónas Guðmundsson, Sturla Böðvarsson.

Þá tilkynnti Ólafur Kristjánsson breytta dagskrá. Erindi Gunnlaugs Júlíussonar frestað til laugardagsins 31. ágúst.

7. **Kosning þingnefnda.**

Fjármálanefnd:

Björgvin Sigurjónsson, Sölvi Sólbergsson, Svanlaug Guðnadóttir.

Allsherjarnefnd:

Magnús Reynir Guðmundsson, Lárus Valdimarsson, Jenný Jensdóttir.

Til viðbótar tóku þátt í störfum nefndarinnar:

Finnur Pétursson, Egill Sigurgeirsson, Krístrún Hermannsdóttir, Ragna J. Magnúsdóttir, Sonja H. Jónsdóttir, Guðjón A. Kristjánsson, Salvar Baldursson, Guðni G. Jóhannesson, Svanlaug Guðnadóttir.

Fjórðungsmálanefnd:

Halldór Halldórsson, Þuríður Ingimundardóttir, Eysteinn Gunnarsson.

Til viðbótar tóku þátt í störfum nefndarinnar:

Sölvi Sólbergsson, Ingi Þór Ágústsson, Haraldur V.A. Jónsson, Sigurdís Samúelsdóttir, Halldór Már Þórisson, Ásdís Leifsdóttir, Birna Lárusdóttir, Soffía Vagnsdóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Þórólfur Halldórsson, Jónas Guðmundsson, Guðni G. Jóhannesson, Björgvin Sigurjónsson, Elfas Jónatansson.

Mál lögð fram af stjórn Sambandsins:

Þingskjal nr. 5. Framsaga Guðni G. Jóhannesson. Vísað til Fjórðungsmálanefndar.

Þingskjal nr. 6. Framsaga Guðni G. Jóhannesson. Vísað til Allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 7. Framsaga Þuríður Ingimundardóttir. Vísað til Fjórðungsmálanefndar.

Þingskjal nr. 8. Framsaga Þuríður Ingimundardóttir. Vísað til Fjórðungsmálanefndar.

Þingskjal nr. 9. Framsaga Þuríður Ingimundardóttir. Vísað til Allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 10. Framsaga Jóna Valg. Kristjánsdóttir. Vísað til Allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 11. Framsaga Jóna Valg. Kristjánsdóttir. Vísað til Allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 12. Framsaga Ragnheiður Hákonardóttir. Vísað til Fjórðungsmálanefndar.

Þingskjal nr. 13. Framsaga Ragnheiður Hákonardóttir. Vísað til Fjórðungsmálanefndar.

Þingskjal nr. 14. Framsaga Ragnheiður Hákonardóttir. Vísað til Fjórðungsmálanefndar.

Mál lögð fram af þingfulltrúum:

Þingskjal nr. 15. Framsaga Magnús R. Guðmundsson. Vísað til Allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 16. Framsaga Finnur Pétursson. Vísað til Allsherjarnefndar.

Kl. 18:30 var þingstörfum frestað til næsta dags kl. 10:30. Tóku nefndir þá til starfa til kl. 19:30 og síðan aftur kl. 9:00 næsta dag.

Laugardagur 31. ágúst 2002.

Kl. 10:30 hófust þingstörf að nýju.

8. **Staða hafnarsjóða á Vestfjörðum. Framsögumaður Gunnlaugur Júlíusson.**

9. **Ávarp: Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra.**

10. **Kynnt vinna að gerð menningarsamnings fyrir Vestfirði.** Framsögu hafði Ingimar Halldórsson framkvæmdastjóri Fjórðungssambandsins.

11. **Áður en umræður um dagskrárliði 8, 9 og 10 hófust kvað Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar sér hljóðs og bar fundinum þau tíðindi að sá mæti maður**

Guðmundur Ingi Kristjánsson skáld á Kirkjubóli væri látinn. Fundarmenn risu úr sætum og minntust hans í þögn.

Þar næst hófust umræður um fyrri dagskrárliði og til máls tóku:

Einar Oddur Kristjánsson alþingismaður,
Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra,
Halldór Halldórsson bæjarstjóri
Kristinn H. Gunnarsson alþingismaður
Einar Kristinn Guðfinnsson, alþingismaður,
Jóhann Ársælsson, alþingismaður,
Ragnheiður Hákonardóttir, bæjarfulltrúi,
Karl Matthíasson, alþingismaður,
Gunnlaugur Júlíusson, Samb. Ísl. Sveitarfélaga.

Í lok umræðunnar var ráðherrunum Sturlu Böðvarssyni og Valgerði Sverrisdóttur gefinn kostur á að svara þeim fyrirspurnum sem til þeirra var beint.

12. **Stuttar skýrslur:**

- a) Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Smári Haraldsson, forstöðumaður.
- b) Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.
- c) Fjölmeningarsetur á Vestfjörðum, Elsa Arnardóttir, forstöðumaður.
- d) Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Anton Helgason, framkvæmdastjóri.

13. **Afgreiðsla mála frá nefndum:**

Þingskjöl borin upp til afgreiðslu.

- Þingskjal nr. 18. Starfshættir Fjórðungssambandsins breyting á kjördæmaskipan Framsaga Halldór Halldórsson. Kristinn H. Gunnarsson tók til máls. Samþykkt samhljóða.
- Þingskjal nr. 19. Ályktun um menningarsamning. Framsaga Halldór Halldórsson Samþykkt samhljóða.
- Þingskjal nr. 20. Ályktun um sjávarútvegsmál. Framsaga Magnús R. Guðmundsson. Sbr. þingskjal nr. 10 og þingskjal nr. 15 með breytingum. Til máls tóku: Kristinn H. Gunnarsson, Halldór Halldórsson, Ólafur Kristjánsson. Eftir umræður kom fram breytingartillaga, sem Magnús mælti fyrir. Þingskjali nr. 20 vísað til frekari skoðunar 3ja manna sem tilnefndir voru af þinginu. Leitast verði við að ná sáttum í málinu. Er hér vísað í þingskjal nr. 36 síðar á þinginu.
- Þingskjal nr. 21. Ályktanir um skattamál. Framsaga Magnús R. Guðmundsson. Til máls tóku Kristinn Gunnarsson og Ólafur Kristjánsson. Samþykkt samhljóða.
- Þingskjal nr. 22. Ályktun um 80% af aflamarki dagróðrabáta. Framsaga Magnús R. Guðmundsson. Samþykkt samhljóða.
- Þingskjal nr. 23. Ályktun um ferðaþjónustu. Framsaga Magnús R. Guðmundsson. Samþykkt samhljóða.
- Þingskjal nr. 24. Ályktun um menntamál. Framsaga Magnús R. Guðmundsson. Samþykkt samhljóða.
- Þingskjal nr. 25. Tillaga um breytingu á stjórnarlaunum. Framsaga Björgvin Sigurjónsson. Samþykkt samhljóða.
- Þingskjal nr. 26. Endurskoðun fjárhagsáætlana 2002 og 2003. Framsaga Björgvin Sigurjónsson. Samþykkt samhljóða.
- Þingskjal nr. 27. Ársreikningur 2001. Framsaga Björgvin Sigurjónsson. Samþykkt samhljóða.
- Þingskjal nr. 28. Ályktun um orkumál. Framsaga Halldór Halldórsson. Samþykkt samhljóða.
- Þingskjal nr. 29. Hafnarmál. Framsaga Halldór Halldórsson. Til máls tóku: Guðmundur Sævar Guðjónsson. Kristinn H. Gunnarsson, Ólafur Kristjánsson, sem lagði fram breytingartillögu við síðustu

- málgrein tillögunnar, um að auðlindagjaldið rynni til tekjulítilla fiskihafna. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Ragnheiður Hákonardóttir sem lagði til að tillaga Ólafs yrði felld. Breytingartillaga Ólafs borin upp og felld. Þingskjal nr 29 borið upp til atkvæða. Samþykkt samhljóða.
- Þingskjal nr. 30. Ályktun um fjarskipti. Framsaga Halldór Halldórsson. Samþykkt samhljóða.
- Þingskjal nr. 31. Ályktun um byggðamál. Framsaga Halldór Halldórsson. Samþykkt samhljóða.
- Þingskjal nr. 32. Ályktun um vegamál. Framsaga Halldór Halldórsson. Til máls tóku: Guðni G. Jóhannesson, Birna Lárusdóttir, Guðbrandur Sverrisson, Kristinn Gunnarsson, Ingimar Halldórsson, Sigurður Jónsson, Einar K.Guðfinnsson, Þuríður Ingimundardóttir. Í umræðum kom fram breytingartillaga frá Sigurði Jónssyni svohljóðandi: “Eftirfarandi málgrein falli út: Fjórðungsþing leggur áherslu á að ná þarf nú þegar markmiðum samgönguáætlunar sem samþykkt var á fjórðungsþingi 1997.” Tillagan var felld. Þá kom fram viðaukatillaga við þingskjalið frá Magnúsi R. Guðmundssyni. Viðaukatillagan var samþykkt. Þingskjalið var samþykkt í heild sinni með áorðnum breytingum.
- Þingskjal nr. 36. Ályktun um sjávarútvegsmál. Framsaga Magnús Reynir Guðmundsson. Hann gat þess að upphaf tillögunnar væri þskj.nr.10 og breytingar á þskj.20 sem vísað var aftur til 3ja manna nefndar. Samþykkt samhljóða.
14. **Önnur mál.** Enginn kvaddi sér hljóðs.
15. **Kosningar.** Þingskjal nr. 35. Tillaga kjörnefndar. Framsögu hafði Sölvi Sólbergsson. Samþykkt samhljóða.
16. **Þingslit.** Nýkjörinn formaður Guðni Geir Jóhannesson tók þá til máls og þakkaði stuðning þingfulltrúa. Jafnframt þakkaði hann fráfarandi formanni Ólafi Kristjánssyni vel unnin störf í þágu fjórðungsins. Þá færði hann staðarhöldurum þakkir fyrir undirbúning þingsins og starfsmönnum þingsins fyrir störf þeirra á þinginu. Hann þakkaði þingfulltrúum góða þingsetu og óskaði að lokum öllum þátttakendum góðrar heimferðar. Ólafur Kristjánsson kvaddi sér hljóðs og þakkaði öllu samstarfsfólki sínu í gegnum tíðina og hlý orð í sinn garð. Að því loknu sagði Guðni Geir Jóhannesson formaður Fjórðungssambandsins 47. Fjórðungsþingi Vestfirðinga slitið kl. 17:45.